



## Umsögn

**Viðtakandi:** Borgarráð  
**Sendandi:** Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

### Efni: Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins 2024

Fyrir liggur erindi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 18. desember 2023, þar sem óskað er samþykkis aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins á erindi stjórnar SHS á breytingum á gjaldskrá SHS. Megintilgangur gjaldskrárinnar er að gera slökkviliðsstjóra mögulegt að taka gjald samkvæmt heimild í 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum þegar þarf að beita þvingunarúrræðum og/eða viðurlögum. Gjaldskráin hækkar í samræmi við hækkun launa- og neysluvísitölu milli ára. Launavísitala vegur um 86% af forsendum hækkunar gjaldskrár SHS og neysluverðsvísitala 14%. Hækkun milli ára er því um 10%. Um tvenns konar taxta er að ræða. Annars vegar vegna gjaldtöku fyrir lögbundin verkefni, þar sem heimild til gjaldtöku liggur fyrir í lögum. Grunneining vegna slíkrar gjaldtöku er 20.500 kr./klst. Hins vegar er sérstakur taxti vegna gjaldtöku fyrir önnur verkefni og þjónustu sem slökkviliðið sinnir ef óskað er eftir því. Þetta eru verkefni sem eru ekki lögbundin, en falla þó að tilgangi liðsins skv. stofnsamningi, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Grunneining vegna slíkrar gjaldtöku er 27.700 kr./klst.

Mikilvægt er að gjald vegna ólögbundinna verkefna sé til þess fallið að SHS verði ekki eftirsóknarverður þjónustuaðili ólögbundinna verkefna heldur verði til þess að viðskiptavinir leiti frekar til annarra aðila á markaði.

Mælt er með því að þessi gjaldskráttillaga verði samþykkt.

Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.